

REGLUGERÐ

um iðgjöld slysatrygginga samkvæmt 4. málsg. 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.

1. gr.

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

Vegna bifreiðar	kr. 2.400
Vegna bifhjóls	kr. 2.400
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	kr. 2.400
Vegna vélsleða	kr. 2.400
Vegna heimilisdráttarvélar	kr. 2.400
Vegna rafstöðvar	kr. 390
Vegna súgpurkkunartækis	kr. 390
Vegna heyblásara	kr. 390
Vegna trillubáta	kr. 3.100

2. gr.

Vegna nýskráningar skrásetningarskyldra ökutækja skal innheimta ársiðgjöld til þess tíma, er færa skal ökutækid næst til skoðunar skv. reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum tekur gildi 1. janúar 1993. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 631/1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um hlutdeild sjúkratrygðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu nr. 194/1992.

1. gr.

4. gr. fellur niður

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum tekur gildi 1. janúar 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.